



Reykjavík, 6.mars 2023
MOS23010005

Til: Borgarráðs

Efni: Greinargerð vegna uppfærðra siðareglna starfsfólks Reykjavíkurborgar

Hér eru lögð fram drög að uppfærðum siðareglum starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Gildandi siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar voru samþykktar í borgarráði í október árið 2009. Það var mat mannauðsfólks hjá borginni að tími væri komin á endurskoðun þeirra vegna þeirra samfélagsbreytinga sem orðið hafa á síðustu árum.

Markmiðið með nýjum siðareglum er að þær endurspegli þær breytingar sem orðið hafa í samfélaginu og þ.a.l. einnig í starfsumhverfinu, s.s. í kjölfar MeToo byltingarinnar, nýrra reglna um vernd uppljóstrara og í takti við aukna áherslu á jafnræði í stjórnsýslunni og samfélaginu öllu. Við endurskoðun siðareglanna var einnig lögð rík áhersla á að þær væru skrifaðar á skýru og aðgengilegu máli til að auðvelda skilning á þeim fyrir þann stóra og fjölbreytta hóp sem starfar hjá Reykjavíkurborg.

Búið er að þýða uppfærðu siðareglurnar yfir á ensku og pólsku og verða þær kynntar í nýliðafræðslu fyrir allt starfsfólk borgarinnar í fræðslukerfinu Torginu. Markmiðið er að tryggja að allt starfsfólk borgarinnar fái fræðslu um reglurnar og geti tileinkað sér þær.

Meðfylgjandi drög að siðareglum hafa verið unnin af stjórnendum og sérfræðingum á mannauðs- og starfsumhverfissviði. Hópurinn kynnti sér vel þær breytingar sem hafa orðið í starfsumhverfinu ásamt því að rýna inntak siðareglna hjá hinu opinbera og í einkageiranum. Einnig fengu mannauðsstjórar fag- og kjarnasviða drög að reglunum til rýningar. Síðastliðin febrúar voru siðareglurnar kynntar fyrir starfsfólki Reykjavíkurborgar í gegnum Workplace þar sem starfsfólk var hvatt til að koma með ábendingar eða athugasemdir. Nokkrar ábendingar bárust frá starfsfólki og var tekið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem fram komu. Engin kostnaður fylgir innleiðingu á nýjum siðareglum annar en kostnaður við þýðingar og í kjölfar á samþykkt þeirra, ef af verður, er gert ráð fyrir að innleiðing þeirra fari fram og fræðsla hefjist fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Virðingafyllst,

Lóa Birna Birgisdóttir

sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Hjálagt:



S Í Ð A R E G L U R

starfsfólks Reykjavíkurborgar

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar ber að fylgja við störf sín.

Starfsfólki Reykjavíkurborgar ber að:

1. Gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, án tillits til eigin hagsmuna eða persónulegra skoðana og gæta þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsins á hverjum tíma.
2. Gæta kurteisi og réttssýni, hafa í heiðri heiðarleika og sanngirni og starfa í anda jafnréttis.
3. Sýna borgurum virðingu og umburðarlyndi og rækja störf sín af þjónustulund og ábyrgð.
4. Upplýsa borgarana um réttindi þeirra og þjónustu borgarinnar.
5. Hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, gæta jafnræðis og þess að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við meðferð og úrlausn mála.
6. Leggja sig fram um að viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu í starfi og auka við hana sjálfu sér og starfseminni til hagsbóta.
7. Vinna saman af heilindum að settum markmiðum starfseminnar, sýna samstarfsfólki virðingu og virða verkaskiptingu.
8. Virða þagnarskyldu um vitneskju sem það fær í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Á starfsfólki hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.
9. Forðast að aðhafast nokkuð sem er því til vanvirðu eða álitshnekkis eða getur varpað rýrð á það starf eða starfsgrein er það vinnur við.
10. Gæta þess að mismuna ekki borgurum á grundvelli stjórnmalaskoðana, þjóðernis, trúarbragða, kynþáttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar, fötlunar eða samfélagslegrar stöðu að öðru leyti.
11. Sýna ekki af sér hegðun sem fallið getur undir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi.
12. Aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.
13. Misnota ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum hjá Reykjavíkurborg lýkur.
14. Upplýsa um spillingu, ólögmæta eða ámælisverða háttsemi, sem það kann að verða vart við í störfum sínum.
15. Forðast hagsmunaárekstra, þar með talið vegna persónulegra tengsla í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á þeim, þ.m.t. ef breytingar verða á högum þeirra sem gætu valdið slíkum hagsmunaárekstrum.
16. Þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum, birgjum eða þeim, er leita eftir þjónustu Reykjavíkurborgar, nema um sé að ræða óverulegar gjafir og ekki sé unnt að líta á þær sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.



Reykjavíkurborg

Siðareglur þessar leysa af hólmi siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 22. október 2009 og taka þegar gildi.